



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

587. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 21. október 2024
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfél.á hbsv. - 2409007

Undirbúningur nýs félags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu stendur yfir á vettvangi sérstaks stýrihóps sem ber ábyrgð á þeirri vinnu. Ráðgjafar Expectus og framkvæmdastjóri ásamt öðrum fulltrúum sveitarfélaganna í stýrihóp um verkefnið kynna stöðu þess, þær sviðsmyndir sem eru í skoðun og vinnuna framundan.

Gestir

Simdri Sigurjónsson ráðgjafi frá Expectus

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogsbæjar

Ragnar Guðgeirsson ráðgjafi frá Expectus

Niðurstaða:

Umræður

2. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi er fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, fyrir árið 2025 auk gjaldskrár fyrir komandi ár, sem hafa verið samþykktar af hálfu Samstarfsnefnar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sbr. fyrirliggjandi fundargerð nefndarinnar dags. 16. október 2024.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið til umræðu og er afgreiðsla hans því frestað.

Niðurstaða:

Frestað

3. Önnur mál - 2110011

Uppfærsla Samgöngusáttmálans. Nú hefur uppfærsla Samgöngusáttmálans verið staðfest á vettvangi fimm sveitarfélaga og fyrir liggur að vinna þarf áfram að framkvæmdum á grundvelli hennar, svo ekki verði frekari tafir á þeim.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða:

Ekki eru gerðar athugasemdir við að unnið verði áfram að verkefnum Samgöngusáttmálans á grundvelli uppfærðrar framkvæmdaáætlunar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026